

SÁLF3CF05

Félags- og persónuleikasálfræði

Þrep: 3. þrep

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi.

Kennsla: Áfanginn er kenndur á vorönn.

Undanfarar: SÁLF2BP05 / SÁLF2BT05

Stutt lýsing á áfanganum: Kynning á tveimur undirgreinum sálfræðinnar, félagssálfræði og persónuleikasálfræði. Fjallað er um ýmis viðfangsefni félagssálfræðinnar, svo sem viðhorf og viðhorfabreytingar, fordóma, staðalmyndir, áróður, hlýðni, áhrif fjölmiðla, áhrif hópa og hópþrýsting, vináttu, ást og aðlöðun. Einnig er fjallað um viðfangsefni persónuleikasálfræðinnar, svo sem ólíkar skilgreiningar á persónuleika, persónuleikakenningar og persónuleikapróf. Lögð er áhersla á að efla vísindaleg vinnubrögð og gagnrýna hugsun nemenda.

Nokkur lykilhugtök áfangans : Félagssálfræði, viðhorf, fordómar, staðalmyndir, áróður, hlýðni, hópþrýstingur, ást, aðlöðun, persónuleikasálfræði, persónuleiki, persónuleikaþættir, persónuleikapróf, réttmæti, áreiðanleiki.

Námsmat: Rannsókn, skýrslur, tímaverkefni, tímapróf.

Námsefni: Nigel Holt, Andy Bremner, Ed Sutherland, Michael Vliek, Michael Passer & Ronald Smith. Psychology: The Science of mind and behavior. 4. eða 5. útgáfa.